



Jafnréttisáætlun fyrir Oddeyrarskóla

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði [laga](#) um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar.

Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda.

Nemendur Oddeyrarskóla

- Nemendur skólans skulu hljóta jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, bæði í fjölskyldu- og heimilislífi sem og í atvinnulífi. Í nýrri menntastefnu er jafnréttismenntun skilgreind sem ein af sex grunnþáttum menntunar.
- Starfsfólki skólans ber að vera vakandi fyrir hverju því tækifæri sem gefst til að ræða við nemendur um jafnrétti kynjanna, staðalmyndir, fordóma, samskipti, ólíkar þarfir einstaklinga og kynjahlutföll í starfsgreinum og áhugasviðum.
- Leita skal allra leiða til að efla sjálfsvirðingu og sjálfsvitund nemenda með það að markmiði að styrkja hvern einstakling í að velja út frá eigin sannfæringu en ekki út frá viðhorfum hóps eða staðalmyndum.
- Lögð er áhersla á að allir nemendur þjálfist í að þekkja og tjá tilfinningar sínar og læri um leið að virða tilfinningar annara óháð kyni, uppruna, búsetu, trú eða fötlun.
- Leggja skal áherslu á að strákar og stelpur hljóti fræðslu, ráðgjöf og hvatningu í tengslum við ólík menntunartækifæri og ólík störf óháð kyni.
- Innan hvers kennarateymis skulu niðurstöður námsmats skoðaðar ítarlega með tilliti til kynjamunar. Sé hann til staðar skal markvisst unnið að lausnaleit um orsakir og leiðir til úrbóta.
- Kennurum ber að skilgreina vel þarfir nemenda sinna og leita allra leiða til að haga kennsluháttum þannig að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra, áhugasvið og forsendur. Jafnframt skulu nemendur hafðir með í ráðum um hvernig skapa megi þau námsskilyrði sem til þarf svo öllum líði vel, óháð kyni eða öðrum þáttum.
- Kennarar þjálfist í að horfa gagnrýnum augum á það námsefni sem notað er í skólanum með tilliti til kynjasjónarmiða.

- Á hverju ári skal leggja fyrir einhvern nemendahóp könnun um viðhorf til jafnréttismála og líðan þeirra í skólanum. Mikilvægt er að rýna í niðurstöður slíkra kannanna, ræða þær innan teyma og skilgreina hvernig bregðast skuli við þeim.
- Starfsfólk skal ávallt vera meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir allra nemenda skólans þegar kemur að jafnréttismálum sem og öðrum málum og gæta þess í öllum samskiptum sínum við nemendur að mismuna þeim aldrei eftir kyni frekar en öðru.
- Kennurum ber að efla umræðu með nemendum um kynferðislegt ofbeldi og áreitni í forvarnarskyni eða óska eftir aðila til að gera það.

Í Starfsfólk Oddeyrarskóla

- Við ráðningar starfsfólks til skólans skal reynt eftir besta megni að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum.
- Gæta þarf þess að störf innan skólans séu aldrei flokkuð sem sérstök kvenna- eða karlastörf nema um sturtuvörslu sé að ræða í íþróttahúsi skólans.
- Allir starfsmenn skólans skulu hafa sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar, óháð kyni.
- Leita skal leiða til að bjóða starfsfólki upp á fræðslu um jafnréttismál og kynferðislega áreitni.
- Tryggja skal að konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sömu störf.
- Tryggja skal sama sveigjanleika gagnvart báðum kynjum þegar kemur að samræmingu fjölskyldu- og heimilislífs eða töku fæðingarorlofs og veikindadaga vegna barna.
- Öllu starfsfólki skal gert ljóst að kynferðisleg áreitni í hvaða formi sem hún er verði aldrei liðin í skólanum. Bregðast þarf skjótt við komi upp ábending um slíkt.
- Koma skal upp vinnureglum um viðbrögð við kynferðislegri áreitni hvort heldur sem er meðal starfsmanna eða nemenda.

Samstarf við heimilin

- Leggja skal áherslu á að taka reglulega upp umræðu um jafnréttismál og jafnréttisáætlun skólans í foreldraráði.
- Hvetja skal foreldra af báðum kynjum til að koma í heimsókn í skólann.
- Kennarar skulu vera meðvitaðir um að hafa samband við feður til jafns við mæður sé þess nokkur kostur.
- Hvetja skal foreldra af báðum kynjum til að taka virkan þátt í skólagöngu barna sinna hvort heldur er til setu í bekkjarráði eða til aðstoðar við heimanám.

- Óska skal eftir samstarfi við foreldra um starfskynningar fyrir nemendur.
- Hvetja skal til umræðu um jafnréttismál meðal foreldra og nemenda t.d. með heimanámsverkefnum.
- Þjóði skólinn upp á námskeið, bókasafnsopnun eða annað í tengslum við samstarf heimila og skóla, skal þess gætt að tilboðin höfði jafnt til beggja kynja.
- Kanna þarf hvort kynjamunur er í þátttöku foreldra í viðtölum og á fundum er varða nemendur. Sé raunin sú skal leita leiða til að minnka þann mun.

Áætlun þessa skal taka til umræðu og endurskoðunar meðal starfsfólks árlega.

Aðgerðaráætlun fyrir innleiðingu jafnréttisstefnu í Oddeyrarskóla skólaárið 2011–2012

	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Verki lokið
Júní 2011	<p>Að skapa umræðu um Jafnréttisáætlun meðal starfsfólks, í skólaráði og í foreldraráði.</p> <p>Að kynna drögin fyrir skólaráði og foreldraráði.</p> <p>Að klára jafnréttisáætlun skólans.</p> <p>Áætlunin gerð aðgengileg á heimasíðu skólans.</p> <p>Jafnréttisáætlun höfð til hliðsjónar við mannráðningar.</p>	<p>Drög að jafnréttisáætlun lögð fyrir starfsmannafund. Farið yfir áætlunina í litlum hópum.</p> <p>Drög að jafnréttisáætlun lögð fyrir á síðasta fundi skólaársins hjá skólaráði sem og foreldraráði.</p> <p>Stjórnendur leggja lokahönd á áætlunina í kjölfar niðurstaðna af hópavinnu starfsmanna og athugasemda frá skólaráði og foreldraráði.</p> <p>Áætlunin sett í PDF skjali inn á heimasíðu skólans.</p>	<p>Skólastjóri.</p> <p>Skólastjóri.</p> <p>Skólastjóri.</p> <p>Vefstjóri.</p> <p>Skólastjórnendur.</p>	<p>Hér er gert ráð fyrir að kennarar og skólastjórnendur haki við þegar verki er lokið. Eins geta þeir sett hér inn návæmari tímasetningar á fundum eða öðrum verkefnum í tengslum við jafnréttisáætlun skólans.</p>
Ágúst 2011	<p>Áætlunin kynnt fyrir nýju fólki.</p>	<p>Nýju starfsfólki bent á að lesa áætlunina og það hvatt til að taka þátt í umræðu um jafnréttismál.</p>	<p>Skólastjóri.</p>	
September 2011	<p>Að efla meðvitund starfsfólks um jafnréttissjónarmið og hvetja það til að setja upp kynjagleraugun við gerð</p>	<p>Jafnréttisáætlunin lögð til grundvallar umræðu á starfsmannafundi – áhersla á fyrirkomulag</p>	<p>Stjórnendur og kennarar.</p>	

	kennsluáætlana. Að efla meðvitund um fjölbreytta kennsluhætti.	jafnréttisfræðslu (sér námsgrein) og undirbúning fyrir gerð kennsluáætlana. Kennarar hvattir til að ígrunda sérstaklega kennsluhætti sína m.t.t. ólíkra þarfa kynjanna.	Allir kennarar.	
Október 2011	Að nemendur kynnist ólíkum störfum í gegnum foreldra.	Reynt að fá foreldra til að kynna störf sín í ákveðnum bekkjum. Áhersla á að fá kynningu á kvennastörfum frá karlmanni eða kynningu á karlastörfum frá kvennmanni, ef kostur er.	Umsjónarkennarar umræddra bekkja ásamt náms- og starfsráðgjafa.	
Nóvember 2011	Að ræða hugsanlegan kynjamun í tengslum við frammistöðu nemenda. Að nemendur fái kynningu á ólíkum störfum og námstækifærum.	Kennarar skoði vel niðurstöður námsmats og greini sérstaklega hvort um kynjamun sé að ræða. Ef svo er skal farið í að skoða hugsanlegar orsakir. Sérstök kennslustund tekin í það.	Kennarateymi. Náms- og starfsráðgjafi.	
Janúar 2012	Að halda jafnréttisumræðu lífandi.	Starfsfólk er hvatt til að nýta þau tækifæri sem undirbúningur árshátíðar gefur til að ræða jafnréttismál og hlutverk og þarfir kynjanna.	Allt starfsfólk.	
Febrúar 2012	Að kanna viðhorf og líðan nemenda.	Leggja fyrir stutta nafnlausu	Náms- og starfsráðgjafi.	

	Að kanna hvort kynjamun sé að finna í þátttöku foreldra í viðtölum við annaskil.	<p>en þó kyngreinda könnun um viðhorf nemenda til jafnréttismála og líðan þeirra í skólanum.</p> <p>Leggja áherslu á að vinna úr könnunni með það í huga hvort kynjamun sé að finna í niðurstöðunum.</p> <p>Kennarar skrá hjá sér hvort það er móðir, faðir eða bæði sem mæta í viðtölin. Hvert teymi skoðar niðurstöðurnar og ræðir.</p>	Kennarateymi.	
Mars 2012	Að nýta upplýsingar til framþróunar.	<p>Kennarateymi ræði niðurstöður viðhorfs- og líðankönnunar og fari í hugflæði um viðbrögð við þeim niðurstöðum.</p> <p>Áhersla lögð á naflaskoðun og ígrundun um kennsluhætti og námsumhverfi.</p>	Kennarateymi.	
Apríl/Maí 2012	<p>Að nemendur kynnist ólíkum störfum á vettvangi.</p> <p>Endurskoðun á jafnréttisáætlun.</p>	<p>Nemendur í unglingsdeild fara í starfskynningar í ólík fyrirtæki.</p> <p>Nemendur hvattir til að prófa störf sem öllu jöfnu teljast frekar tilheyrja hinu kyninu.</p> <p>Allir starfsmenn lesa yfir áætlunina og</p>	<p>Náms- og starfsráðgjafi og deildarstjóri.</p> <p>Allt starfsfólk</p> <p>Meðlimir skólaráðs/skólastjóri</p>	

		koma með tillögur að breytingum. Áætlunin lögð fyrir skólaráð og óskað eftir tillögum að breytingum ef þurfa þykir.		
--	--	---	--	--